

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2021
UST202108-001/P.V.B.
09.08.02

Synjun um leyfi til aksturs utan vega og fyrirmæli um frágang

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 2. ágúst 2021, um leyfi til aksturs utan vegar við Sigöldugljúfur.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis samkvæmt umsókn:

Sótt er um leyfi fyrir akstri tveggja fjórhjóra/sexhjóra með kerru þann 3. ágúst 2021. Tilgangur akstursins er að ferja kvikmyndabúnað frá vegi að kranabíl sem staðsettur er við gljúfurbarminn og nýttur er til að spila niður búnað í gljúfrið. Loftmynd sem sýnir þá leið sem yrði keyrð og staðsetningu kranabíls fylgdi með umsókninni. Keyrt yrði eftir gömlum ýtuslóða hluta leiðar en á 45-50 metra kafla á Trackway plötum utan slóðans. Tækjabílum og farþegaflutningabílum yrði lagt á vegslóða sem liggur samhliða gljúfrinu. Önnur aðstaða og bifreiðar yrðu staðsettar við Sigölduvirkjun á grjótmel við eitt af raflínu möstrum Landsvirkjunar.

Vettvangslýsing landvarða og sérfræðings:

Landverðir Umhverfisstofnunar fóru í eftirlitsferð um svæðið 30. júlí 2021. Varð landvörður þá var við að bílum og fjórhjólum hafði verið lagt utan vega við gljúfurbrúnina og var þeim ekið utan vegar. Við eftirgrennslan kom í ljós að um var að ræða undirbúning fyrir kvikmyndatöku á svæðinu sem ráðgert var að farið yrði í 3. ágúst. Ekki hafði verið sótt um leyfi fyrir akstri utan vega til Umhverfisstofnunar og benti landvörður framkvæmdaraðilum verkefnisins á að sækja þyrfti um leyfi til Umhverfisstofnunar ef þörf væri á að aka utan vegar vegna kvikmyndatöku og að ekki væri heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en að staðfest leyfi lægi fyrir. Farið var í aðra eftirlitsferð um svæðið þann 31. júlí og kom þá í ljós frekari akstur utan vega hjá aðila sem tengist verkefninu. Landverðir og sérfræðingur Umhverfisstofnunar fóru í vettvangsferð um svæðið með tókustaðarstjóra verkefnisins að morgni 3. ágúst. Tilgangur eftirlitsins var að kanna aðstæður á svæðinu til að meta umfang utan vega akstursins og skoða ummerki eftir hann. Í ljós kom að framkvæmdir við kvikmyndatökur voru þegar hafnar með tilheyrandi akstri utan vega, þrátt fyrir að ekki hafi verið gefið út leyfi fyrir honum. Ummerki eftir aksturinn voru greinileg í gróðurþekju svæðisins. Einnig kom í ljós við eftirlit að settar höfðu verið upp búðir með gámum og rútum við brúnna á veg nr. 208 við Sigölduvirkjun þar sem er vísir að bílastæði. Kvikmyndatökum Truenorth lauk síðdegis 3. ágúst og fór landvörður í vettvangsathugun 4. ágúst til að kanna ástands svæðisins og frágang eftir kvikmyndatökum. Í ljós kom að talsverð ummerki voru eftir akstur utan vega og aðrar

athafnir við Sigöldugljúfur. Ekki er um að ræða gróðurrof eða skemmdir á jarðminjum en ummerki eru eftir hjólför og traðk á mosa og lynggróðri. Gera má ráð fyrir að gróður muni jafna sig að einhverju leyti á næstu vikum en að sumsstaðar muni það taka langan tíma. Á svæðinu þar sem settar voru upp búðir við brúnna neðan við Sigölduvirkjun kom í ljós ummerki eftir akstur utan vega á gróðurlitlum mel og að hluta í gróðurþekju.

Áhrif framkvæmdar:

Umhverfisstofnun telur ljóst að ekki sé unnt að fara í frekari frágang eftir kvikmyndatökur við Sigöldugljúfur. Koma verður í ljós hvort ummerki eftir utan vega akstur í gróðurþekjunni við gljúfrið jafni sig á næstu vikum. Stofnunin telur þó að hægt sé að ganga betur frá svæðinu neðan við Sigölduvirkjun með því að afmá hjólför utan vega á gróðurlitlum melnum sem þar er. Ef ekkert er að gert þá er líklegt að aðrir vegfarendur aki þar utan vega þar sem hjólför eru nú þegar þar til staðar og valdi frekari skemmdum og líti á svæðinu.

Niðurstaða:

Akstur utan vega vegna kvikmyndatökunnar hófst á svæðinu áður en sótt var um leyfi fyrir akstrinum. Reyndist því ekki mögulegt að gera mat á mögulegum áhrifum hans á náttúrufrar svæðisins fyrirfram. Þar sem verkefninu var ekki lokið þegar eftirlit fór fram var Truenorth leiðbeint um að senda umsókn um leyfi vegna þess hluta framkvæmdarinnar sem eftir var. Umsókn um leyfi barst ekki fyrr en síðdegis mánudaginn 2. ágúst sem er frídagur. Verkefninu var ekki frestað á meðan farið var yfir umsóknina þann 3. ágúst. Þess skal getið að almennt málshraðaviðmið vegna umsókna um akstur utan vega er 2 vikur en leitast var við að taka afstöðu til málsins eins hratt og unnt væri. Þegar starfsmenn Umhverfisstofnunar komu á tókustað þann dag var verkefnið metið þannig að það rask sem sótt var um leyfi fyrir hefði að mestu leyti þegar farið fram. Starfsmenn Truenorth fylgdu ekki leiðbeiningum Umhverfisstofnunar sem gefnar voru sama dag og sótt var um leyfi, um að fresta akstri á umræddum stöðum þar til leyfi fyrir akstri utan vega lægi fyrir. Ekki reyndist því unnt að afgreiða erindið áður en aksturinn fór fram. Umhverfisstofnun synjar því umsókn Truenorth Nordic ehf. um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við Sigöldugljúfur þann 3. ágúst 2021.

Umhverfisstofnun fer einnig með vísan til 2. mgr. 87.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 fram á að fyrirtækið sjái til þess að hjólförin neðan við Sigölduvirkjun verði afmáð þar sem það er mögulegt fyrir 10. ágúst nk.. Skal sú framkvæmd vera undir eftirliti landvarðar.

Áform um ákvörðun þessa var send fyrirvarsmönnum Truenorth Nordic ehf., þann 5.ágúst 2021 með fresti til andmæla til kl. 13:00, 6.ágúst 2021. Engin andmæli bárust.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðstjóri

Lilja Ólafsdóttir
lögfræðingur